

## Dómsorð:

Ákærði, Þorsteinn Elton Jónsson, skal sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins.

Allur kostnaður málsins, þar með talin málsvarnarlaun Guðmundar Ásmundssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda ákærða, kr. 2.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Föstudaginn 30. apríl 1965.

Nr. 15/1963. **Gísli Holgeirsson**

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

gegn

**Reimari Karlssyni**

(Guðjón Steingrímsson hrl.).

## Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinnsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Línal.

Kaup og sala. Riftun kaups. Málflutningur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. febrúar 1963, krefst sýknu og málskostnaðar hér fyrir dómi úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms að öðru leyti en því, að ársvextir reiknist frá 20. apríl 1961 og 6% frá 1. janúar 1965 til greiðsludags. Þá krefst stefndi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda.

Mál þetta var þingfest í héraði 28. júní 1962. Lagði stefndi þá fram stefnu, greinargerð, reikning áfrýjanda um skipti aðilja, vottorð bifvéla virkja um, „að drifvarahlutir“ þeir, sem um var að tefla, „pössuðu ekki saman“, og svo kröfubréf lögmanns síns til áfrýjanda 25. nóvember 1961. Af hendi áfrýjanda var sótt þing, og fékk umboðsmaður hans frest til greinargerðar til 13. september 1962.

Þann dag og einnig 27. s. m. fékk áfrýjandi framhaldsfrest í sama skyni tvær vikur hvort sinn. Er þingað var í málinu 11. október s. á., fengu umboðsmenn aðilja því næst sameiginlegan frest tvær vikur til gagnaöflunar. Að þeim fresti liðnum, hinn 25. október 1962, var ekki sótt dómþing af hendi áfrýjanda. Tók héraðsdómari þá málið til dóms eftir kröfu stefnda. Er héraðsdómur síðan var upp kveðinn, höfðu hvorki komið fram mótmæli né greinargerð af hendi áfrýjanda.

Hér fyrir dómi hefur áfrýjandi lagt fram ýmis gögn, þ. á m. skýrslur aðilja fyrir dómi, og krafizt þess, að málið verði dæmt samkvæmt þeim gögnum. Hefur stefndi lýst samþykki sínu við því, að kröfum áfrýjanda hér fyrir dómi og málsástæðum verði gaumur gefinn.

Kröfur þær og málsástæður, er áfrýjandi flytur fram í Hæstarétti, var honum í lófa lagið að bera fyrir sig í héraði, sbr. og 110. og 111. gr. laga nr. 85/1936. Samkvæmt 45. gr. laga nr. 57/1962 um Hæstarétt Íslands verður þeim því, eins og á stendur, ekki sinnt.

Með skírskotun til gagna þeirra, er lágu fyrir í héraði, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að öðru leyti en því, að ársvextir verði 7% frá 20. apríl 1961 til 1. janúar 1965 og 6% frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað hér fyrir dómi, kr. 5.000.00.

#### Dómsorð:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað að öðru leyti en því, að áfrýjandi, Gisli Holgeirsson, greiði stefnda, Reimari Karlssyni, af kr. 6.950.00 7% ársvexti frá 20. apríl 1961 til 1. janúar 1965 og 6% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. nóvember 1962.**

Mál þetta, sem dómtekið var 25/10 1962, hefur Reimar Karlsson, Öxl, Snæfellsnessýslu, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 27/6 1962, gegn Gísla Holgeirssyni, Úthlíð 16, Reykjavík, til endurgreiðslu peninga, að fjárhæð kr. 6.950.00, með 10% ársvöxtum frá 20/4 1960 til 29/12 1960 og með 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar. Enn fremur krefst stefnandi þess, að viðurkenndur verði réttur hans til að rifta kaupum þeim, sem mál þetta er risið af.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera þannig til komna, að haustið 1960 hafi stefndi tekizt á hendur að útvega stefnanda drif í Chevrolet-vörubifreið, smíðaár 1947. Er stefnandi fékk drifið í hendur í lok apríl 1961 kom í ljós, að tennur í svonefndum „pinion“ stemmdu ekki við „kambinn“, en stefnandi hafði þá bæði greitt upp í kostnaðinn fyrirfram og greitt eftirstöðvar verðsins á drifinu í póströfu. Vildi þá stefndi láta laga „pinionana“, svo að þeir yrðu nothæfir, en það reyndist ekki hægt. Krafði þá stefnandi stefnda um endurgreiðslu á verði drifsins, kr. 6.950.00, en stefndi neitaði þá endurgreiðslu og hefur ekki fengizt til að inna hana af hendi síðan.

Stefndi hefur látið sækja þing, en ekki andmælt stefnukröfunum. Verða þær því teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 1.600.00.

Valgarður Kristjánsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þenna.

**Dómsorð:**

Réttur stefnanda til að rifta framangreindum kaupum er viðurkenndur.

Stefndi, Gísli Holgeirsson, greiði stefnanda, Reimari Karlssyni, kr. 6.950.00 með 10% ársvöxtum frá 20. apríl 1960 til 29. desember 1960 og með 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 1.600.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.